

Fundur í stjórn FORMA þriðjudaginn 1. september 2015 kl. 17:00.

Mætt: Ragnheiður Halldórsdóttir, Jóhanna M. Matthíasdóttir, Jón Stefán Baldursson, Þuríður Árnadóttir, Heimir Haraldsson, Herdís Zophoníasdóttir.

1. Farið yfir undirbúning vegna aðalfundar foreldrafélagsins sem hefð hefur skapast fyrir að haldinn sé í beinu framhaldi af skólasetningu. Skólasetning er 9. september næstkomandi klukkan 09:30. Jóhanna og Jón Stefán tóku að sér að ganga frá skýrslu stjórnar sem flutt verður á aðalfundinum. Heimir tók að sér að vera tengiliður við stjórnendur skólans vegna aðalfundarins og koma fundinum á dagskrá skólasetningarinnar.
2. Rætt um skipulag Hólavatsferða fyrstu bekkinga. Jón Stefán tók að sér að senda út bréf til foreldra fyrsta árs nema vegna ferðanna áður en þeir mæta á skólasetningu. Ragnheiður talar við SBA/Hópferðabílar Akureyrar/FAB vegna aksturs á Hólavatu og einnig Jóhann Þorsteinsson vegna aðstöðu á Hólavatu. Jóhanna talar við Gunnlaug Víði Guðmundsson vegna hópeflis á Hólavatu og/eða Kristínu Björk Gunnarsdóttir ef hann er ekki tilbúinn að taka verkefnið að sér. Heimir fær dagsetningar á hreint vegna Hólavatsferðar og sendir bréf á nemendur/forráðamenn um skipulag ferðanna þegar að þeim kemur. Jón Stefán fær upplýsingar um kostnaðartölur vegna ferðarinnar haustið 2014.
3. Umræða um sameiginlega yfirlýsingu stjórnar FORMA og stjórnar nemendafélagsins. Á sameiginlegum fundi FORMA og stjórnar nemendafélagsins síðastliðið vor var ákveðið að í upphafi skólaárs yrði undirrituð sameiginleg yfirlýsing foreldrafélagsins og nemendafélagsins um samskipti elstu nemenda við nýnema. Þar yrði komið inn á áhersluatriði í samskiptum eldri nemenda við nýnema án þess að setja föst tímamörk eins og tíðkast hefur í fyrri samningum við nemendafélagið. Yfirlýsingin næði yfir fleiri þátta en samkomuhalds og höfðað yrði til ábyrgðar eldri nemenda og mikilvægis þess að þeir væru mikilvæg fyrirmynd fyrir nemendur fyrsta bekkjar. Ester, Ragnheiður og Þuríður taka að sér að leggja drög að yfirlýsingu sem yrði byggð á þeirri umræðu sem fram fór á fyrrgreindum fundi foreldrafélagsins og nemendafélagsins.

Næsti fundur: Mánudaginn 7. september kl. 16:30

Fleira ekki gert.

Fundargerð ritaði: Jón Stefán Baldursson